# NÝTT LÍF

3. tbl. 33. árg. 2010 1.295 kr. m/vsk

NÝTT LÍF 3. tbl. 33. árg. 2010

NÝTT LÍF – betra líf



## Gefðu gömlu görmunum nýtt líf
Gallabuxur og leðurjakki fá upplyftingu

## Yfirgaf tónlistarbransann í London fyrir Reykjavík

Brúðarblað fylgir! 36 síður

## *Vortískan 2010 túlkuð í tískuþætti*

## Segðu það með augunum!
Lærðu að setja á þig gerviaugnhár og gera smókíförðun

## *Vetrarparadís á norðurslóðum*

## Mætti kynlífið vera betra?
Ráð til að segja honum hvað þú vilt

## Konur með skegg lifa í felum

## *Þau voru valin á RFF*
Royal Extreme, E-label, Go with Jan, Spaksmannsspjarir, Gust, Thelma Design, Hildur Björk Yeoman, Skaparinn, Mundi, Farmers Market, Elm, Kalda, Anderson&Lauth, Áróra, Blik, Sonja Bent, Emami, Lúka, Nikita.

# *Frelsinu fegin*

***Elín Hirst*** átti sér einskis ills von og var uppstríluð fyrir fréttalestur þegar hún var kölluð inn á skrifstofu og sagt upp. Hún upplifði mikla höfnun en stendur keik og nýtir atvinnuleysið sér til framdráttar, frjáls undan lífsgæðakapphlaupinu. Mest af öllu sér hún eftir tímanum sem hún eyddi í starfsframann þegar börnin voru lítil.

5 690691 050009

Eftir Þórunni Högna

# Nýjasta æðið á Íslandi er hrukkustraujárnið frá *Nu Skin*

Ég var búin að heyra af þessu æði og ákvað fyrir forvitnissakir að kynna mér málið. Ég fékk tækið lánað í tvær vikur til að prufa það. Eftir eitt skipti sá ég ótrúlegan mun og í raun sá ég árangur eftir fimmtán mínútur. Nú þegar ég hef notað tækið í tvær vikur sé ég bæði mun á öllum fínum línum í andlitinu auk þess sem húðin er öll sléttari, stinnari og mýkri.

Meðferðin tekur ekki nema tíu mínútur á dag, annað slagið. Það hafa allir tíma í það. Það er til dæmis sniðugt að horfa á uppáhaldssjónvarpsþáttinn á meðan tækið er notað. Fyrir fram hafði ég ekki mikla trú á þessu en ég get tvímælalaust mælt með þessari meðferð. Nú hvet ég alla bara til að fara og fjárfesta í hrukkustraujárninu og viðhalda æskuljómanum og byrja á að strauja á sér líkamann.

### Tæki á stærð við tölvumús

Vonandi stendur þú ekki í þeirri trú að unglegt útlit þýði skurðaðgerðir og sprautunálar. Með Galvanic Spa II System og tengdum vörum er hægt að yngja og endurnæra húðina. Tækið gerir húðina stinnari og áferðarfallegri, minnkar sýnilegar hrukkur, húðholur og appelsínuhúð auk þess sem húðin verður líflegri. Samt er tækið ekki stærra en tölvumús.

Hjá mörgum einkennist daglegt líf af streitu og þar af leiðandi eru spa-heimsóknir ekki lengur munaður, heldur nauðsynlegur hluti af því að ná slökun, líða vel og líta vel út. Í stað þess að fara á heilsulind er hægt að upplifa sömu áhrif með því að nota hrukkustraujárnið heima við. Tækið er svo háþróað að það getur meira að segja blásið nýju lífi í hársvörðinn.

Í yfir 50 ár hafa spa-sérfræðingar notað galvanic- eða rafstrauma í meðferðum sínum, með það að marki að lífga upp á húðina. Í gegnum mjúkar nuddhreyfingar stuðlar straumurinn að aukinni virkni frumna og þar af leiðandi auknu blóðflæði. Tækið notar lága rafstrauma sem greiða leiðina fyrir flutning næringarefna til húðarinnar og örvar þannig úthreinsun, rakamyndun, blóðrás og útgeislun hennar.

### Minni appelsínuhúð

Fjórir leiðarar fylgja tækinu, fyrir andlit, hársvörð, líkama og sérstök vandamálasvæði. Með tækinu er hægt að fá Galvanic Spa TM II Body Shaping Gel til þess að draga úr og halda appelsínuhúð í lágmarki. Þessi meðferð miðar að því að slétta úr fitufrumum og losa út eiturefni til þess að húðin verði stinnari og betur mótaðri. Formúlan inniheldur meðal annars gullna baldursbrá sem hjálpar til við að fækka fitugeymslum og örvar niðurbrot fitu.

### Unglegra útlit

Mikil viðvera í sól og nálægð við mengunarvalda geta valdið sindurefnaskaða í húðinni og hraðað öldrun hennar. Jafnvel þeir sem reyna að komast hjá þeim einkennum sem sólin getur valdið geta samt upplifað að húð þeirra eldist hraðar en hún ætti að gera. Í samstarfi við Nu Skin hafa vísindamenn uppgötvað aldurstengd ofurtákn, eða SuperMarkers, sem eru þeir þættir líkamans sem hafa áhrif á það hvernig við eldumst og nýtir Nu Skin þessar niðurstöður í ageLOC-tækninni sem tekur á innri uppsprettu öldrunar.

Við getum skýlt okkur gegn sólinni en það er hvergi skjól fyrir þessum aldurstengdu ofurtáknum sem valda línum, hrukkum, daufri húð, mislitun, lifrarblettum og öðrum sýnilegum einkennum öldrunar. En þessi tækni á að hjálpa þér að takast á við þessa uppsprettu öldrunar.

Þá býður Nu Skin einnig upp á tækni sem örvar hárvöxtinn svo hann verði þéttari og heilbrigðari.

Tækið og þessar vörur er hægt að fá hjá sjálfstæðum dreifingaraðilum Nu Skin á Íslandi og kostar hrukkustraujárnið um sextíu þúsund krónur.